

Forsætisnefnd

Samþykkt borgarstjórnar vegna aðgerða til að bregðast við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi Reykjavíkurborgar af tilefni #metoo - tillaga 1.

Á fundi borgarstjórnar 20. febrúar 2018 voru lagðar fram og samþykktar tillögur forsætisnefndar og ofbeldisvarnarnefndar um hvernig bregðast skuli við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar. Tillaga nr. 1. miðar að því að meta umfang vandans og varðar bæði starfsmenn Reykjavíkurborgar og kjörna fulltrúa. Gert er ráð fyrir því að framkvæmd verði sambærileg viðhorfskönnun meðal kjörinna fulltrúa og gerð hefur verið undanfarin ár meðal starfsfólks þar sem spurt er um áreitni, fordóma o.fl.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga með að láta framkvæma könnun meðal sveitarstjórnarfólks á Íslandi þar sem m.a. verði spurt um kynbundna og kynferðislegri áreitni, kynbundið ofbeldi og fordóma í starfsumhverfi sveitarstjórnarfólks. Þar með fari fram heilstæð úttekt á starfsumhverfi sveitarstjórnarfólks sem nýst geti við vinnu aðgerðaráætlanir á vettvangi sambandsins og einstakra sveitarfélaga, og við hugsanlegar lagabreytingar í framtíðinni.

Pawel Bartoszek
forseti borgarstjórnar